

Nefndasvið Alþingis

Sent á netfang: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 29. október 2020

**Efni: Umsögn Jafnréttisnefndar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, 14. mál.**

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands telur að frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna sé tímabært og til bóta fyrir jafnréttismál.

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands gerir eftirfarandi breytingartillögur:

**1. Um gildistíma jafnréttisáætlana**

Í niðurlagi 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins segir: Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti. Um jafnréttisáætlun sveitarstjórna fer skv. 13. gr. laga um stjórnýslu jafnréttismála.

Lögð er til eftirfarandi breyting: Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti, eða allt að fimm ára fresti með sérstakri heimild Jafnréttisstofu. Um jafnréttisáætlun sveitarstjórna fer skv. 13. gr. laga um stjórnýslu jafnréttismála.

Rökstuðningur:

Með þessu er lagt til að þeir aðilar sem gera skulu jafnréttisáætlanir geti óskað eftir heimild til að setja sér jafnréttisáætlanir sem gildi í allt að fimm ár. Slíkt sé háð því að skýr tenging sé á milli jafnréttisáætlunar og heildarstefnu viðkomandi skipulagsheildar og að í heildarstefnu sé lögð greinileg áhersla á jafnréttismál. Stefnuhringur Háskóla Íslands er almennt í 5 ár. Markmiðið er að jafnréttisáætlun geti verið öflugra tæki til að koma markmiðum heildarstefnu í framkvæmd og fylgi sama tímaramma (en oft gilda slíkar stefnur í fjögur til fimm ár) og einfaldi þannig skipulagsheildum sem geta haft markviss áhrif á framþróun jafnréttis að samþætta málaflokkinn betur við heildarstarfsemi sína.

**2. Um skipan Jafnréttisráðs.**

Lögð er til eftirfarandi breyting á 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins um skipan Jafnréttisráðs:

Eftir hverjar alþingiskosningar skipar ráðherra sjö fulltrúa í Jafnréttisráð til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af samtökum launafólks, einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af samtökum atvinnurekenda, einn fulltrúa sem tilnefndur er af Háskóla Íslands, einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum, einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af Kvenréttindafélagi Íslands og Kvenfélagasambandi Íslands og einn fulltrúa sem tilnefndur er af Samtökunum '78. Varafulltrúar skulu skipaðir á sama hátt.

Rökstuðningur:

Gerð er athugasemd við að ekki sé gert ráð fyrir fulltrúa tilnefndum af fræðasamfélaginu í Jafnréttisráði. Í lögum nr. 10/2008 er gert ráð fyrir að Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, stofnun innan Háskóla Íslands, tilnefni fulltrúa í Jafnréttisráð en í lögum nr. 96/2000 var gert ráð fyrir að fulltrúi væri tilnefndur af Háskóla Íslands. Mikilvægi rannsókna og fræðilegrar þekkingar fyrir málaflokkinn er ótvírætt og styrkir það starfsemi ráðsins að í því sitji fulltrúi tilnefndur af fræðasamfélaginu. Því er lagt til að Háskóli Íslands tilnefni fulltrúa í Jafnréttisráð.